

# FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

KENNSLUÁÆTLUN: Vorönn 2018

---

ÁFANGI: STVH3SN03      **Steinsteypuvirki – húsasmíði**

---

## INNIHALD ÁFANGANS:

Í áfanganum er fjallað um framkvæmdir við undirstöður og burðarvirki steinsteypra bygginga og mannvirkja. Gerð er grein fyrir afsetningu húsa og ýmsum mælingum á byggingastað, fjallað er um mótasmíði einstakra byggingahluta, einangrun botnplötu, framleiðslu og eiginleika steinsteypu og niðurlögn hennar. Einnig er fjallað um vinnupalla og öryggismál þeim tengdum.

---

## ÁFANGAMARKMIÐ:

Markmið áfangans eru að nemendur:

- kunning á smíði og niðurrifi steypumóta fyrir byggingar/mannvirki og kröfur sem gerðar eru til þeirra.
- þekki framleiðslu á steinsteypu, eiginleika hennar og mikilvæg atriði er varðar niðurlögn hennar í steypumót.
- kunning á einangrun botnplötu og sökkulveggja.
- viti hvernig á að smíða og setja upp löglega verkpalla og þekki fallvarnir gagnvart þeim.
- þekki grunnatriði lengdar- og hæðarmælinga á byggingastað.

---

## KENNSLUGÖGN:

Mótavinna og uppsláttur, Menntafélag byggingaiðnaðarins, Iðnú 2005.  
Steinsteypa – húsasmíðir/múrarak, Menntafélag byggingariðnaðarins, Iðnú 1981.  
Ýmsar reglugerðir og ýtarefni (ljósrit) sem kennari afhendir í tímum.

---

## VERKEFNASKIL:

Lögð verða fyrir tímaverkefni/heimaverkefni yfir önnina sem nemendur þurfa að skila og gilda þau 30% af lokaekinn.

---

---

## NÁMSMAT:

Áfanginn skiptist í 3 lotur skv. yfirferðaráætluninni hér að neðan. Lengd hverrar lotu er ca. 4-5 vikur. Lagt verður fyrir eitt skilaverkefni í 1. lotu og próf í lok 2. og 3. lotu. Einnig verða lögð fyrir tímaverkefni í öllum lotunum og er skilaskylda á nokkrum þeirra. Lokaprófið sem verður úr öllu efni áfangans, hefur 50% vægi af lokaeinkunn, skilaverkefnið í 1. lotu og prófin í 2. og 3. lotu samtals 40% og tímaverkefni 10%. Hægt er að sleppa við lokaprófið ef nemandi skilar skilaverkefni 1 og tekur prófin í lotum 2 og 3 á réttum tíma og fær lágmark 6 í meðaleinkunn í þeim (lágmark 4,5 í hvoru) og skilar einnig tímaverkefnunum og fær meðaleinkunnina 6 í þeim. Þá verður vægi skilaverkefnisins í lotu 1 og prófanna í lotu 2 og 3 samtals 70% á móti 30% vægi tímaverkefnanna af lokaeinkunn.

---

## ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ Á ÖNNINNI:

### 1.lota

Steypumót, mótaefni, framkvæmdir  
Mót fyrir hurðir og glugga  
Veggjamót  
Sulumót, loftamót  
Bitamót, stigamót  
Undirsláttur undir brýr o.fl.

Verkefni, **Skilaverkefni 1**

### 2.lota

Steinsteypa (framleiðsla, eiginleikar o.m.fl.)  
Niðurlögn á steinsteypu o.fl.  
Einangrun botnplötu og sökkulveggja  
Verkpallar, fallvarnir og öryggismál o.fl.

Verkefni, **Lotupróf 2**

### 3.lota

Ýmis mælitæki í byggingariðnaði  
Undirstöðuatriði í lengdar og hæðarmælingum  
Afsetning húsa, plan og hæðarmælingar  
Halli á lögnum  
Mælitækni fyrir húsasmiði, verklegar æfingar o.fl.

Verkefni, **Lotupróf 3**

## Kennslugögn

Mótav. og uppsláttur o.fl.

Steinsteypa-h/m, ljósrit o.fl.

Ljósrit

\* Áætlun er gerð með fyrirvara um hugsanlegar breytingar!

---

## ATHUGASEMDIR:

Fjöldi kennslustunda á önninni er 24 tímar (áfanginn er skorinn í töflu).

Ljósrit/ýtarefni fá nemendur afhent frá kennara í tímum jafnóðum og þörf er á.